



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir færanlegri baðstofu utan sundstaða (Kría fargufa).

Nafn leyfishafa: Vornótt ehf.

Heimilisfang: Grettisgata 13

Póstnúmer: 101

Kennitala: 511224-2410

Útgáfudagur leyfis: 19. júní 2025

Gildir til: 19. júní 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir færanlegar baðstofur*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 19. júní 2025


Óskar Björn Spudsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Vornótt ehf.

kt. 511224-2410

Grettisgötu 13C

vegna fargufu (Kría fargufa)

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	10.03.2025
Rekstraraðili, kt.	Vornótt ehf., 511224-2410
Heiti fyrirtækis	Kría fargufa
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Færanleg starfsemi
Tegund starfsemi	Sund- og baðstaðir sbr. tölulið 47 í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tílefni umsóknar	Ný starfsemi
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Starfsemin er færanleg og fer ekki fram í húsnæði Ekki þörf á staðfestingu byggingarfulltrúa eða að starfsemin standist skipulag.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Auglýsing var birt á vefsíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 19. maí 2025. Frestur til athugasemda var til 16. júní 2025.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1839. afgreiðslufund HER þann 19.06.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi. Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag. Starfsemin fer ekki fram í húsnæði. Einnig er um að ræða færanlega starfsemi og þar af leiðandi ekki þörf á staðfestingu byggingarfulltrúa.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. Kæruleið og kærufrestur



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 24. júní 2025



Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir fargufu

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir fargufu. Fargufa er færánleg baðstofa í hjólhýsi. Baðstofa er klefi eða aflokað rými sem hitað er upp með vatnsgufu, svokallað eimbað, eða sánabað sem oftast er hitað upp með rafmagni.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur verður að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði þar um.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.4 Þegar starfsemi er færð skal rekstraraðili tilkynna sig til viðkomandi heilbrigðiseftirlits áður en starfsemi hefst og ráðfæra sig við viðkomandi heilbrigðiseftirlit um val á staðsetningu.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Búnaður í fargufu skal vera þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.
- 2.2 Rými fargufunnar skal vera hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.4 Í fargufu skulu vera mælar sem sýna raka- og hitastig í klefanum.
- 2.5 Ganga skal þannig frá færánlegum tækjum og búnaði þannig að ekki stafi hætta af.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 3.2 Gólfefni og frágangur fargufu skulu vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Skrifleg hreinlætisáætlun skal vera til staðar. Allsherjarhreingerningu skal gera a.m.k. árlega.



- 3.4 Þrif á utanverðri fargufu skulu fara fram hjá bílaþvottastöð með starfsleyfi hjá tilheyrandi Heilbrigðiseftirlitssvæði. Þrif að innanverðu skulu fara fram við góðar aðstæður þar sem aðgengi er að heitu og köldu vatni.
- 3.5 Gæluðýrum er óheimill aðgangur að fargufu.
- 3.6 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Starfsmaður skal vera viðstaddur á meðan starfsemi er í gangi og hafa eftirlit með öryggi gesta.
- 4.2 Starfsmaður skal vera þjálfaður í viðbrögðum við neyðartilvikum.
- 4.3 Til staðar skal vera neyðaráætlun (verklagsreglur starfsfólks ef slys verður) og skulu starfsmenn upplýstir um þær.
- 4.4 Viðurkenndur búnaður til skyndihjálpar skal vera á staðnum. Skal búnaður þessi yfirfarinn reglulega og starfsmenn þjálfaðir í notkun hans.
- 4.5 Hitagjafar, ofnar og útstreymisop, skulu varin þannig að ekki sé hætt á að af þeim hljótist slys.
- 4.6 Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

5. Matvæli

- 5.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- 5.2 Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að fargufunni.

6. Umhverfismál

- 6.1 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til móttökustöðva.
- 6.2 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisblöð fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengileg.
- 6.3 Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.



REYKJAVÍKURBORG
Heilbrigðiseftirlit

- 6.4 Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar eða hávaða.